

## Eftirlitsverkefni - Fæliefni

<b>Dagsetning</b>	15. september 2020
<b>Fyrirtæki</b>	Apótekið Spönginni
<b>Heimilisfang</b>	Spönginni 39, 112 Reykjavík
<b>Kennitala</b>	531095-2279
<b>Starfsemi</b>	Lyfjaverslun
<b>Eftirlitsstaður</b>	Spönginni 39, 112 Reykjavík
<b>Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi</b>	Ragnheiður Pálmadóttir
<b>Fulltrúi UST</b>	Hafdís Inga Ingvarsdóttir
<b>Tegund eftirlits</b>	Efnaeftirlit
<b>Tengiliður fyrirtækis</b>	Kristjana Samúelsdóttir kristjana@apotekid.is

### SAMANTEKT

Umhverfisstofnun fór í eftirlit með sæfivörum hjá Apótekinu Spönginni þann 15.9.2020. Skoðað var hvort að fæliefni sem innihalda virku efnin DEET og/eða etýlbútýlasetýlamínóprópríónat væru á markaði án markaðsleyfis. Ein vara fannst sem fellur undir umfang eftirlitsins og reyndist hún ekki þurfa markaðsleyfi eins og er.

### UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun vísar í kynningarbréf stofnunarinnar, dags. 15.9.2020, þar sem kynnt var eftirlitsverkefni með sæfivörum á markaði í vöruflokki 19, með áherslu á fæliefni gegn skordýrum, sbr. hlutverki Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 878/2014 um sæfivörur. Markmið þessa eftirlits er að skoða hvort að fæliefni sem innihalda virku efnin DEET (cas nr. 134-62-3) og/eða etýlbútýlasetýlamínóprópríónat (cas nr. 52304-36-6) séu á markaði og hvort að þau séu með markaðsleyfi.

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eftirtalin vara, sem fellur undir umfang eftirlitsins, var skoðuð:

<b>Vara</b>	<b>Strikamerki</b>
Moustidose Spray Répulsif Anti-Moustiques	3518646040481

Varan inniheldur virku efnin DEET og Eucalyptus citriodora oil, hydrated, cyclized (cas nr. 1245629-80-4). Fæliefni sem innihalda DEET þurfa markaðsleyfi til að það megi bjóða þau fram á markaði nema að þau innhaldi annað virkt efni sem er enn í áhættumati til notkunar í sæfivörum. Þar sem Eucalyptus citriodora oil, hydrated, cyclized er enn í áhættumati til notkunar í sæfivörum í vöruflokki 19 má bjóða vöruna fram á markaði án markaðsleyfis og því eru engin frávík tilgreind.

## ÁBENDINGAR

Þegar áhættumati fyrir virka efnið, Eucalyptus citriodora oil, hydrated, cyclized, verður lokið fyrir vöruflokk 19 mun varan þurfa markaðsleyfi til að það megi bjóða hana fram á markaði hér á landi.

Reykjavík, 21. september 2020

*Hafdís Inga Ingvarsdóttir*

---

Hafdís Inga Ingvarsdóttir